

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Breytt deiliskipulag búgarðabyggðar í landi Byggðarhorns.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 21. ágúst 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi búgarðabyggðar í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:5000 þann 18. apríl 2008 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum frá 8. maí til og með 5. júní 2008 með athugasemdafresti til og með 19. júní 2008.

Uppdráttur og greinargerð varðandi tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 28. október 2008.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2008